

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01614/AIG-13**

Dags: **6. júlí 2014**

Staður: **Fljótavík**

Lýsing: **Hlekkist á í landingu**

Flugmaður var með einn farþega um borð að lenda flugvélinni TF-ELX (Cessna 185) í Fljótavík á Hornströndum. Flugbrautin sem, liggur til norðurs, er grasbraut og hafði nýlega verið slegin. Brautin var töluvert hæðótt en þó í góðu standi og vel nothæf. Við syðri enda flugbrautarinnar er bakki á milli brautarenda og árfarvegs. Að sögn flugmannsins lenti hann of snemma, fór með hjól í bakkann, og staðfestu vegsumerki það. Við það gaf hægri aðalhjólastellið sig, en það er gert úr fjaðurstáli.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 6. nóvember 2014.